



En fyrst vil ég aðeins útskýra dagbókina:

Þetta er töfradagbók, sem ætti auðvitað að vera dásamlegt fyrirbæri en í raun er hún algjör martröð. Í hvert skipti sem ég, sjálfur Loki Laufeyjarson, guð prakkarastrika, skrái afrek mín í dagbókina, reiknar hún út DYGGÐASTIGIN mín. Þessi útreikningur er aldrei mér í hag.

Og til að gera illt verra leiðréttir hún mig ef skrif mín eru ekki alveg nákvæmlega sannleikanum samkvæm. Ég verð að sætta mig við svona vitleysu vegna þess að dagbókin er forrituð með visku hins illa lyktandi kjánarass, hans Óðins.

**Leiðréttir: Óðinn er ekki illa lyktandi
kjánarass!**





HA! Ég vann! Ég lét dagbókina segja „illa lyktandi kjánarass“!


En áfram með söguna. Ég var sem sagt sendur til Miðgarðs, sem þið bændur kallið jörð. Það var refsing fyrir að klippa hárið af ásynjunni Sif. Ég var því neyddur til að taka á mig mynd venjulegs mannsbarns og mátti ekki sýna ótrúlega guðlega krafta mína hér á jörðinni. Sem betur fer uppgötvaði ég smá glufu: ég má umbreyta mér í ýmis dýr og verur og ég geri það eins oft og mér sýnist, svo lengi sem engin mannleg vera VERÐUR VITNI AÐ ÞVÍ.

! Þetta er mjög pirrandi en satt.

Í fylgd með mér eru Þór, Hyrrokin og Heimdallur. Þau eiga að þykjast vera fjölskyldan mín.



Þetta er það sem ég hef gert á jörðinni fram til þessa ...



Lygi greind: Þú fékkst EKKI bókina (og í framhaldi af því sprotann) vegna þess að þú ert það „frábær“ og „góður guð“ núorðið. Hyrrokkin sagði að þú „ættir enn langt í land og mikið eftir að læra.“

O! Ég býst við að það sé ástæðan fyrir því að ég er enn fastur hérna ...



Dagur eitt:

Föstudagur



DYGGDASTIG LOKA, EÐA DSL:




Endurstilling vegna nýrrar byrjunar.

Ég heiti Loki og ég er hamstur. Eða ég var það þar til skólinn var búinn í dag. Þetta byrjaði allt með því að Þór var pirrandi í gær (fimmtudag). Hann fékk sérstök verðlaun fyrir að reyna að skrifa rétt. Hann fékk að taka skólahamsturinn heim. Þú veist það kannski ekki en þetta þykir mikill heiður meðal mannfólksins, svipað því þegar okkur guðunum er boðið að sitja við hægri hönd Óðins í veislu í Ásgarði. Reyndar er þetta enn betra vegna þess að hamstrar eru mjúkir og sætir og halda ekki langar og leiðinlegar ræður.



Eftir kvöldmat setti Þór búið í svefnherbergið sitt og á meðan hann baðaði sinn illa lyktandi dauðlega líkama læddist ég inn í herbergið hans til þess að horfa á litlu veruna leika sér á hamstrahjólinu. Hamsturinn virtist skemmta sér mjög vel, kannski var hann að hæðast að mér og segja að ég gæti aldrei leikið mér svona –allir flottu krakkarnir væru hamstrar. Og þá ...



Ég lék mér á hjólinu og skemmti mér konunglega.

Ég tróð í mig fræjum. Ég hjúfraði mig ofan í hlýtt sagið á botninum á búrinu. Ég prófaði eitt og annað sem veitir hömstrum gleði í lífinu, eins og að vera með teygjanlegar kinnar og fylla þær af eins mörgum fræjum og ég gat.

Því miður kom Þór til baka áður en ég gat breytt mér aftur í mennskt form. Ég ákvað því að fela mig þangað til hann sofnaði til að þurfa ekki að útskýra hvað ég væri að gera þarna. Meðan ég beið varð ég syfjaður og hjúfraði mig hjá hinum hamstrinum.

Þegar ég vaknaði í morgun var ég enn þá í búrinu en ekki lengur í svefnherbergi Þórs. Ég var kominn aftur í skólastofuna!




Ég var fastur. Ég gat ekki breytt mér fyrr en allir væru farnir úr skólastofunni, annars átti ég á hættu að koma upp um mig og guðlega krafta mína. Aftur. (Það getur verið að ég hafi komist upp með það einu sinni eða tvisvar, en Óðinn myndi örugglega ekki túlka það að „fara út úr þægilegu búri með munninn fullan af mat til að sýna kennaranum að ég væri reyndar viðstaddur“ sem nógu góða ástæðu.)

Þegar kennarinn fór út úr stofunni greip ég tækifærið. En um leið og ég opnaði búrdyrnar kom annar leiðindakennari inn og fór að spila einhvern leik í símanum það sem eftir var af frímínútunum.

Pirrandi
hamstraspörð



Mér til sívaxandi ama (og með sívaxandi hrúgu af hamstraspörðum) gat ég ekki endurheimt mennskt form fyrr en eftir skóla. Ég get þó sagt þér að kennslustundir eru ekki alveg eins leiðinlegar þegar maður leikur sér á hjóli. Svo er auðvelt að hlera slúður því enginn passar hvað sagt er fyrir framan hamstur.




Þegar einn af gleggri nemendum í bekknum benti á að nú væru TVEIR hamstrar í búrinu, þurfti ég að fela mig undir saginu í smástund. Sem betur fer sagði annar að kannski hefði skólahamsturinn eignast unga í nótt. Þessi saga stæðist þó aldrei skoðun því ég var fullvaxinn hamstur. En ég bjargaðist fyrir horn þegar einn nemandinn truflaði umræðuna með því að bíta annan og öll athyglin beindist að þeim.

Þegar dagurinn var LOKSINS liðinn slapp ég úr búrinu, umbreytti mér og hljóp heim. Venjulega hleypur Loki aldrei og ekki fyrir neinn. En því seinni sem ég yrði, því reiðari yrðu Hyrrokkin og Heimdallur og reiði þeirra er eins og úlfurinn sem flýgur og reynir að gleypa sólina á hverjum degi. Að minnsta kosti er ekki nöldrað í sólinni á meðan verið er að elta hana.



Gerviforeldrar mínir, þau Heimdallur og Hyrrokkin, biðu mín. Þór var úti í horni stofunnar, laumulega að spila tölvuleik. Þór tekst að gera ALLT laumulega. Hann kúkar meira að segja laumulega. Ég held það að minnsta kosti. Ég horfi ekki á hann. Enginn á að þurfa að horfa á það sjónarspil.



„Ég get útskýrt hvað gerðist!“ hrópaði ég.

En áður en ég gat byrjað að útskýra hvernig stóð á því að ég missti af morgunmatnum og var „fjarverandi frá skóla“ kom Heimdallur og faðmaði mig.

„Ég hafði svo miklar áhyggjur af þér!“ sagði hann.

Ég deplaði augunum. Var þetta kraftaverk?

Átti ekki að refsfa mér? Var allt gott og blessað og dásamlegt?

Gleðispillir: **NEI**. O! Það var svo sem auðvitað.

Eftir knúsið byrjaði ballið. Hróp og köll. Um leið og

Heimdallur var búinn byrjaði Hyrrokkin.

Þegar hún loks hætti útskýrði ég að ég

hefði breytt mér í hamstur en

ekki skrúpað - verið allan

daginn í skólastofunni, líka

í frímínútum og ætti að fá

AUKA dyggðastig.

Þess í stað fékk ég bara meiri

skammir fyrir að „hafa átt á hættu að

opinbera ofurkrafta mína“ og segja engum hvar ég væri

sem hefði leitt til þess að „við höfðum áhyggjur af því

að þú værir dáinn úti í skurði“ og svo kom eitt alveg

fáránlegt en það var að ég hefði „sett hamstur í hættu“.



Síðan náði Heimdallur í eina af þessum uppeldisbókum sínum.



Heimdallur lauk uppeldisfyrirlestri sínum með setningu sem er ekki í uppáhaldi hjá mér.



Af hverju getur þú ekki verið líkari Þór? Hann veldur aldrei vandræðum!

HA. Ha! Hópur dauðra hrímþursa væru þessu ósammála. Ja, þeir væru ósammála ef þeir væru ekki allir dauðir eftir að ÞÓR DRAP ÞÁ.

Þegar ég hafði bent á þetta var ég sendur snemma í rúmið fyrir að vera ósvífinn. Heyrði ég kannski Hyrrokkin hlæja lágt með sjálfri sér? Ég veit það ekki því ég hljóp upp til að sleppa frá Heimdalli sem var mjög reiður.

